

Mál nr. 152/2007

M

og

Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar atvinnureksturs

Ágreiningur um bótaskyldu vegna vinnuslyss þann 5. janúar 2004.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 13.08. 2007, ásamt fylgiskjöllum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 23.08. 2007.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

Tildrög slyssins voru þau að M rann á bleytu sem var á gólfi mötuneytis þar sem hún vann. Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum varð samstarfskona M vör við sósublett á gólfinu. Er hún var að sækja skúringamoppu féll M við og slasaðist sbr. nánar gögn málsins.

M telur bótaábyrgð vera fyrir hendi.

Vátryggingafélagið hafnar bótaábyrgð. Það telur ósannað að slysið verði rakið til saknæmrar háttsemi starfsmanna vátryggingartaka, vanrækslu á hreinsun eða vanbúnaðar. Hér hafi verið um óhappatilvik að ræða og aðgæsluleysi M sjálfs. Óhjákvæmilegt verði að telja að bleyta geti verið á gólfinu. M hafi því þurft að gæta að sér. Samstarfskona hennar hafi þegar gert ráðstafanir til að þurrka upp blettinn og því sé ekki um vanrækslu samstarfsmanna að ræða.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á greiðsluskyldu félagsins. Hér virðist hafa verið um óhappatilvik að ræða. Af gögnum málsins verður ekki séð að meiðsl M megi rekja til saknæmrar háttsemi starfsmanna vátryggingartaka eða annarra atvika sem leitt geta til skaðabótaábyrgðar hans. Það breytir ekki framanrituðu þó samstarfskona M hafi ekki varað M við sósublettinum er þær mættust er hún var að sækja moppu til að þurrka upp bleytuna.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda vátryggingafélagsins er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 11. september 2007

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.